

Umhverfisstofnun Áb. <u>BS</u>
<u>23 APR. 2004</u> <u>54.55</u>
Tilv. <u>UST20040300156</u>

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandshúsið  
15 108 Reykjavík, Ísland

T: (+354) 591 2000

Fax: (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

20. apríl 2004

Tilvísun: UST20040300156/bs

### Efnistaka í Undirhlíðum í landi Hafnarfjarðar. Mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar efnistöku.

Umhverfisstofnun gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

#### Mótvægisáðgerðir:

Í matsskýrslu bls. 30 segir m.a. um mótvægisáðgerðir: "*Mótvægisáðgerðir eru settar fram í formi tillagna um frágang að lokinni framkvæmd. Við framkvæmdaleyfisveitingu verður verktaka gert að skila nákvæmari frágangsaætlun sbr. stefnumótun Hafnarfjarðar frá 2001.*"

Umhverfisstofnun telur að frágangur að lokinni framkvæmd sé eðlilegur hluti verklegra framkvæmda og að frágangur að lokinni efnistöku sé lögbundinn sbr. 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd, en þar segir m.a.: "*Að loknum vinnslutíma skal ganga snyrtilega frá efnistökusvæði þannig að sem best falli að umhverfi.*"

Því geti frágangur að öllu jöfnu ekki talist mótvægisáðgerð.

Á það skal einnig bent að ef meta ætti frágang sem mótvægisáðgerð væri nauðsynlegt að gera grein fyrir frágangsaætlun í matsskýrslu, en ekki að loknu matsferli í tengslum við útgáfu framkvæmdaleyfis.

#### Frágangur efnistökusvæðis:

Umhverfisstofnun telur að vegna efnistöku af þeirri stærðargráðu sem fyrirhuguð er í Undirhlíðum sé nauðsynlegt að fyrir liggja í matsskýrslu fastmótaðar hugmyndir um útlit svæðisins og þeirra mannvirkja sem þar verða að efnistöku lokinni ef leggja eigi mat á umhverfisáhrif efnistökkunnar.

Umfjöllun um eftirfarandi atriði er talin ófullnægjandi:

- Í matsskýrslu kemur fram að ekki hefur enn verið ákveðið hversu djúpt náman verði unnin. Gera má ráð fyrir að þess dýpri sem náman verður, því stærra svæði þarf að brjóta niður umhverfis námuna til að ná ásættanlegum fláa. Að líkindum kallar dýpri náma á enn frekari fyllingar við vegagerð um svæðið.
- Ekki sést á mynd 25 hvernig vegur muni liggja um námuna ef efnistaka verður í samræmi

við kost 3. Vegur um námusvæðið mun krefjast mikilla fyllinga. Vegurinn gæti því orðið mjög áberandi á þessu svæði ef aðlögun vegar að landi tekur ekki mið af framtíðar útliti svæðisins.

- Ekki er lagt mat á hver áhrif aukinnar vinnsludýptar verða með tilliti til samgöngumannvirkja og möguleika til frágangs.
- Ekki kemur fram hugsanlegur vinnslutími.
- Skilgreina hefði mátt betur ýmsa áfanga efnistökkunnar. Frágangur núverandi námusvæðis væri þá fyrsti áfangi með áætluðum tímamörkum og fullmótaðri áætlun um útlit sem væri í samræmi við heildarmynd svæðisins. Heildarásýnd svæðisins ræðst af frágangi núverandi svæðis og hvernig framtíðar efnistökusvæði verða aðlöguð að núverandi námu. Æskilegt hefði verið að gera nánari grein fyrir hvernig staðið verður að efnistöku og frágangi og gera grein fyrir samspili þessara þátta.
- Ekki er nægjanlega hugað að samspili vinnslu og framtíðarútliti svæðisins. Hvort "fullnýting" svæðisins (mesta möguleg efnistaka) muni valda auknum sjónrænum áhrifum að efnistöku lokinni og hvort aukin efnistaka torveldi möguleika til frágangs.

Umhverfisstofnun vill benda á lýsingu á efnistöku sem stofnunin telur að mörgu leyti til fyrirmyndar. Lýsinguna er að finna í eftirfarandi skýrslu Vegagerðarinnar:

#### **Kynningarskýrsla fyrir Norðausturveg 85 Öxarfjarðarheiðarvegur - Arnarstaðir**

Framtíðarvinnsla í Undirhlíðum er vitanlega háð óvissu um endanlegt magn vinnanlegs efnis á svæðinu, en það á ekki að koma í veg fyrir að lögð sé fram fullmótuð hugmynd um frágang og útlit svæðanna í matsskýrslu.

#### **Gróðurfar, dýralíf og jarðmyndanir:**

Í skýrslu Ágústs H. Bjarnasonar um gróður (fylgiskjal A1) kemur fram að ekki er að finna sjaldgæfar plöntutegundir eða sérstök gróðursamfélög á fyrirhuguðu efnistökusvæði. Dýralíf á svæðinu er bundið við 5 tegundir algengra mófugla, sbr. álitgerð Jóns S. Ólafssonar (fylgiskjal A4) í matsskýrslu. Ekki er talið að efnistakan hafi áhrif á sérstæðar eða mikilvægar jarðmyndanir. Í matsskýrslu er lagt til að hlífa klepra- og gjallgígum í námunda við efnistökusvæðið og svæði umhverfis gígana. Umhverfisstofnun bendir á að tryggja ætti að verndunin nái einnig til nánasta umhverfis gíganna en ekki aðeins gíganna sjálfra, þannig að þeir njóti sín betur í umhverfinu.

#### **Niðurstaða:**

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu sé gerð ásættanleg grein fyrir áhrifum efnistökkunnar á gróðurfar, dýralíf og jarðmyndanir. Þó hefði mátt gera grein fyrir útliti nánasta umhverfis þeirra jarðfræðiminna sem vernda á. Umhverfisstofnun bendir á nauðsyn þess að halda öröskuðu nægjanlega stóru svæði umhverfis þær jarðmyndanir sem vernda skal.


Sjónræn áhrif eru þegar mikil vegna þeirrar efnistöku sem þegar hefur farið fram og þau áhrif eiga eftir að aukast verulega. Umhverfisstofnun telur að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir þessum áhrifum í matsskýrslu, hvorki myndrænt né í texta. Á sama hátt er ekki nægjanlega lýst útliti svæðisins og útliti Bláfjallavegar um svæðið.

Æskilegt er að fastmótuð hugmynd liggi fyrir um útlit svæðisins að efnistöku lokinni þar sem ljóst er að vinnsla mun standa yfir á þessu svæði í langan tíma og hugsanlega í höndum ólíkra verktaka.

Umhverfisstofnun telur að ekki sé unnt að meta sjónræn áhrif efnistökkunnar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Virðingarfyllst,

  
Björn Stefánsson



Gunnar S. Jónsson  
staðgengill forstöðumanns  
framkvæmda- og eftirlitssviðs